

Sorpstöð Suðurlands  
Jón Valgeirsson, stjórnarformaður

Reykjavík 3. Maí 2021

**Efni: Staða mála varðandi förgun úrgangs í Árnessýslu**

Sæll Jón,

Eins og við ræddum stuttlega í síma hefur Hreinsitækni miklar áhyggjur af því ófremdarástandi sem uppi er við förgun þess úrgangs sem fellur til við losun stíflna og hreinsun úr gildrum hjá einstaklingum og fyrirtækjum í Árnessýslu. Samningar Sorpstöðvarinnar við móttökustaði utan sýslunnar eru allir úr gildi fallnir og er í dag enginn urðunarstaður fyrir slíkt efni, utan þess sem tekið er á móti seyru á Flúðum hluta ársins. Ekki er hægt að koma efni til móttöku hjá sorpstöð Rangæinga, Sorpu né (Fíflholti). Er nú svo komið að Hreinsitækni hefur frestað þjónustu við nokkurn fjölda fitugildra þar sem hvergi er hægt að koma úrganginum fyrir. Sömu vandamál eru fyrirsjáanleg með önnur verkefni s.s. tæmingu olfugildra, sandgildra, efni úr brunnum og lögnum, ásamt efni úr þeim rotþróm sem teknar eru með holræsabílum (um 90% vatn).

Í hönd fer sumar, með aukinni umferð og ferðamannafjölda. Þá eru allar líkur á að fjöldi erlendra ferðamanna muni fara mjög vaxandi á næstu misserum. Áfangastaðir í Árnessýslu eru meðal vinsælustu viðkomustaða erlendra ferðamanna. Það er því algerlega nauðsynlegt að íbúar og fyrirtæki í sýslunni geti gengið að því sem vísu að hægt sé að koma úrgangi til förgunar. Slíkar lausnir þurfa að vera innan sýslumarkanna, því mikill kostnaður hlýst af flutningi til fjarlæggra urðunarstaða.

Brýnt er að lausn á þessum vanda verði fundin sem fyrst. Eins og áður sagði bíður nú þegar talsverður hluti viðskiptavina eftir að hægt sé að veita þeim þjónustu. Það styttist í því óðfluga í að ófremdarástand skapist. Við viljum því fara þess á leit að sveitarfélög á svæðinu og/eða samtök þeirra geri gangskör að því að bæta sem fyrst úr því ófremdarástandi sem hefur skapast.

F.h. Hreinsitækni ehf



**Afrit sent á:**

Sigmar B. Árnason, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs Sveitarfélagið Ölfus  
Atli Marel Vokes, sviðsstjóri mannvirkja- og umhverfissviðs Sveitarfélagið Árborg  
Höskuldur Þorbjarnarson, umhverfisfulltrúi Hveragerðis  
Jón Valgeirsson, sveitarstjóri Hrunamannahrepps  
Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps  
Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar  
Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri Grímsness- og Grafningshrepps